

Fundargerð: Fundur með foreldraráði

Dagsetning: 08. apríl 2024

Mættir: Svana, Andri, Auður, Elín, Sonja

Fundarstaður: Leikskólinn Núpur

1. Kynning á niðurstöðum stóra foreldra fundarins - Auður

- Niðurstöður stóra foreldrafundarins voru kynntar. Þar kom fram mikil reiði meðal foreldra varðandi ákveðna þætti. Það var rætt um mikilvægi þess að fá utanaðkomandi aðila til að framkvæma skoðanakönnun til frekari gagnaöflunar og hlutlægni í niðurstöðum.

2. Breytingar á fríum innan leikskólans

- Breytingar á fríum innan leikskólans hafa gengið vel. Foreldrar eru almennt sáttir.
- Starfsfólk upplifir þessar, kópavogs-módelið, breytingar jákvæðar. Þessar breytingar hafa reynst vera góðar fyrir vinnustaðinn. En þó hefur tvisvar sinnum komið upp aðstæður sem flokkast gætu sem krítískar, í fyrra skiptið voru foreldrar láttnir vita með tölvupósti en seinna skiptið var hægt að leysa vandamálið með aðstoð bakvarðar sveitarinnar.

3. Áhrif breytinganna á börn

- Starfsfólk hefur tekið eftir miklum mun á hegðun og líðan barna, mikið á eldri deildum. Gæðastundin hefur lengst, og seinnipartur dagsins er orðinn rólegri.

4. Starfsmannamál

- Staða starfsmannamála er góð. Það lítur ekki út fyrir að þurfi að ráða í margar stöður fyrir næsta haust.

5. Vinna við námskrá

- Hafin er vinna við nýja námskrár. Þó er ekki búist við að nýja námskráin verði tilbúin fyrir sumarfrí.